

# Fundargerð aðalstjórnar 6.febrúar

**Mættir:** Haraldur Eyvinds, Eiríkur Elís Þorláksson, Árni Pétursson, Björg Fenger, Kristín Finnbogadóttir, Óskar Hrafn Þorvaldsson, Unnur Halldórsdóttir, Guðjón Norðfjörð og Guðrún Kaldal.  
Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir, Borghildur Erlingsdóttir og Andri Sigfússon boðuðu forföll.

## Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
  2. Gróttumessa
  3. Samningar aðalstjórnar
  4. Styrktarþjálfun
  5. Stefnumótun og fræðsla
  6. Önnur mál
- 

### 1. Yfirlit deilda

#### Handknattleiksdeild

Umræður um umgengni í klefa mfl.kk. Aðalstjórn barst kvörtun v. áfengisnotkunar í klefanum. Klefinn er ekki þrifinn og illa gengið um hann. Formanni handknattleiksdeildar falið að ganga í málið. Klefinn þarf að vera hreinn og klár í notkun á föstudaginn. Ísskáp þarf að fjarlægja úr klefanum. Öll áfengisdrykkja og notkun tóbaks bönnuð. GK tekur að sér að ræða við starfsmenn um að þrífa klefann á fimmtudaginn.

#### Fótboltadeild

Þorrablót gekk vel og kom vel út fjárhagslega. Eru að skoða samningsmál vegna yngriflokka leikmanna. Sumarið lítur vel út.

#### Fimleikadeild

Enginn mætti frá fimleikadeild.

### 2. Gróttumessa:

Gróttumessan gekk mjög vel og komu hátt í 300 manns í kirkjuna.

### 3. Samningar aðalstjórnar.

Umræður um Íslandsbankasamninginn. HE og GN munu leita að nýjum styrktaraðilum. Funda með Íslandsbanka á næstu dögum.

### 4. Styrktarþjálfun

ÓHþ ræður um að félagið móti sér stefnu varðandi styrktarþjálfun. Íþróttafulltrúa falið að vinna drög að þessu. ÓHþ tekur þátt í þeirri vinnu fyrir hönd aðalstjórnar.

**5. Stefnumótun og fræðsla.**

Íþróttafulltúra falið að undirbúa stefnumótunardag/ fræðsludag með þjálfurum og stjórnum. Hafa samband Viðar Halldórsson v. Framtíðarinnar og finna dagsetningu. Athuga með fyrirlestur um næringafræði.

**6. Önnur mál**

Umræður um starfsmannaviðtöl og starfsreglur varðandi þau. Setja inní starfsreglurnar spurningu hvort viðkomandi sé á sakaskrá. Héðan í frá verði óskað eftir sakavottorði eða leyfi frá viðkomandi til að kanna hvort hann sé á sakaskrá. ÓHÞ ætlar að senda fyrirspurn á ÍSÍ og KSÍ um hvort til séu verkferlar eða verklagsreglur um starfandi og ekki starfandi þjálfara sem eru á sakaskrá.

Íþróttafulltrúi beðin um að biðja þjálfara að senda póst á foreldra í Bcc